

1020. Stjórnarfundur VR

Haldinn fimmtudaginn 23. apríl 2009 kl. 11:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Ágúst Guðbjartsson, Ásta R. Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bjarki Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Hólmfríður Björg Petersen, Jón Magnússon, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þ. Ingólfsson, Steinar J. Kristjánsson, Sigríður Stefánsdóttir, Sigurður Sigfússon og Þorlákur Jóhannsson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Kristinn Örn setti fundinn kl. 11:15.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 1019. fundar samþykkt óbreytt og undirrituð. Gerð var athugasemd um að fundargerð 1018. fundar væri enn ekki komin og því óundirrituð.

3. Framhald umræðu um umboð stjórnar til formanns vegna daglegs rekstrar skrifstofu VR

Kristinn Örn sagði að umræða hafi verið um að skipta upp starfinu í tvo hluta þ.e. formann og framkvæmdastjóra en hann taldi að það væri formbreyting og lagði það til að þetta verði með óbreyttum hætti, samkvæmt skipuriti, og eins og var í tíð Gunnars Páls.

Umræður.

Kristinn Örn óskaði eftir að bera fram svohljóðandi tillögu undir atkvæðagreiðslu.

„Stjórn VR samþykkir umboð formanns til daglegs reksturs skrifstofu VR með sama hætti og verið hefur“

Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:15.